

SKILMÁLAR

Samantekt skilmála

Aðeins DK, FI, SE, IS & NO. 18+. Kauptu Pringles dós, farðu á gaming.pringles.com, skannaðu dósina til að ræsa áskoruninni og ljúktu henni á milli klukkan 00:01 CET (01:01 EET) 11.01.24 og 23:59 CEST 10.05.2024 (00:59 EEST 11.05.2024) til að taka þátt í keppninni. Verðlaun: 121 x Logitech G Cloud Handheld Gaming tæki í boði að andvirði 359 € / 4.316 NOK / 2.674 DKK / 4.187 SEK hvert. Verðlaun eru veitt þeim þátttakanda sem lýkur áskoruninni hraðast á hverjum degi. **Framlengt kynningartímabil:** taktu þátt á milli klukkan 00:01 CEST (01:01 EEST) 11.05.2024 og 23:59 CEST 29.07.2024 (00:59 EEST 07.30.2024) þegar sigurvegarar eru valdir með sama hætti til að eiga möguleika á að vinna 1 x Logitech G Cloud Handheld Gaming tæki. Hámark 1 verðlaun/heimilisfang og 1 þátttaka/dag/einstakling. Netaðgangi, nýskráningu aðgangs og snjallsíma/spjaldtölvu með myndavél er krafist. Kauplaus leið er í boði í NO, DK og FI. Geymdu kvittun og dós (að þátttökum án kaupa undanskildum). Skilmálar og upplýsingar um skráningu og verðlaun í heild sinni eru fáanleg á gaming.pringles.com.

Skilmálarnir í heild sinni:

- Þessi kynning er í boði fyrir íbúa 18 ára og eldri í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, að undanskildum starfsmönnum kynningaraðilans, fulltrúum, dreifingaraðilum eða tengdum fyrirtækjum dreifingaraðilans eða nánnum fjölskyldumeðlimum (skilgreint sem foreldrar, börn, systkini, makar eða lífsförunautar og sambýlisfólk) og hver sá sem er fagtingdur þessari kynningu.
- Kaup eru nauðsynleg að undanskyldum íbúum Danmerkur, Finnlands og Noregs (vinsamlegast athugaðu ákvæði 6 fyrir frekar upplýsingar). **Vinsamlegast geymdu sundurliðaða kvittun sem greinir frá tíma og dagsetningu kaupa áður en þú skráir þátttöku, en innan viðeigandi kynningartímabils, þar sem mögulega þarf að sýna kvittunina til staðfestingar áður en tekið er við verðlaunum.** Netaðgangi í snjallsíma eða spjaldtölvu, Pringles aðgangi og gilds netfangs er krafist.
- Aðalkynningartímabil:** Taktu þátt á milli klukkan 00:01 CET (01:01 EET) þann 11. janúar 2024 og 23:59 CEST þann 10. maí 2024 (00:59 EEST þann 11. maí 2024).
- Framlengt kynningartímabil:** Eftir aðalkynningartímabilið verða þátttökur á milli klukkan 00:01 CEST (01:01 EEST) þann 11. maí 2024 og 23:59 CEST þann 29. júlí 2024 (00:59 EEST þann 30. júlí 2024) flokkaðar í framlengda kynningartímabilið.
- Til að skrá þátttöku í kynninguna:** Þátttakendur verða að:
 - Kaupa Pringles-dós;
 - Heimsæktu gaming.pringles.com í snjallsíma eða spjaldtölvu og skráðu þig inn eða búðu til Pringles aðgang og ljúktu fjölþrepa auðkenningunni;
 - Ræstu áskorunina og smellt á „velja til að eiga möguleika á að vinna“;
 - Ljúktu áskoruninni („áskorunin“) eins hratt og þú getur;
- Kauplaus leið (e. „No Purchase Necessary“, NPN) er aðeins í boði fyrir íbúa Danmerkur, Finnlands og Noregs Til að taka þátt án endurgjalds skaltu fylgja eftirfarandi skrefum:
 - Heimsæktu [Pringles.com](https://gaming.pringles.com) og smelltu á „hafa samband“ hlekkinn;
 - Skrunaðu niður að „Hafa samband með tölvupósti“ kaflanum;
 - Veldu „kynningar“ í „Velja viðfangsefni“ fellivalmyndinni og smelltu á „halda áfram“;
 - Veldu „annað“ í fellivalmyndinni í „Heiti kynningar“ reitnum;
 - Veldu „annað“ úr fellivalmyndinni í „Vandamál við kynningar“ reitnum;

- f. Fylltu út í skilaboðsreitinn og gakktu úr skugga um að „Pringles Gaming 2024 No Purchase Necessary“ fylgi með efst í skilaboðunum;
- g. Fylltu út beiðnareyðublaðið ásamt fullu nafni þátttakanda, pósthfangi (þ.m.t. búsetulandi), símanúmeri og netfangi;
- h. Smelltu á „senda“;
- i. Þátttakendur munu fá tölvupóst;
- j. Svar frá aðstoðarlínu viðskiptavina sem staðfestir beiðni þeirra og staðfestir að þátttakandi geti tekið þátt án lotukóða;
- k. Hver umsókn í gegnum NPN-leið gildir aðeins fyrir eina færslu.

7. Frekari skilyrði fyrir þátttöku:

- a. Snjallsímar sem nota stýrikerfi fyrir eldra en iOS 14 eða Android 9, iPhone gerðir eldri en iPhone 8 og iPad, Samsung Galaxy og Google Nexus & Pixel gerðir sem framleiddar voru fyrir 2017 geta virkað á ófullnægjandi hraða sem getur haft áhrif á lokatíma þátttakanda.
 - b. Aðeins er hægt að hefja leikinn með því að nota Safari eða Google Chrome í snjalltæki.
8. Hverri færslu (að undanskildum færslum sem fara í gegnum NPN-leiðina) verður að fylgja ný og einkvæm kvittun fyrir kaupum sem voru gerð innan kynningartímabilsins og fyrir dagsetningu þátttökunnar.
9. Hámark ein (1) þátttaka er leyfð á mann á dag á hverju kynningartímabili og hámark ein (1) verðlaun eru leyfð á hvert heimilisfang á báðum kynningartímabilum.
10. Þegar þátttakandi hefur skráð sig samtals 50 sinnum í kynningartilboðið á öllum kynningartímabilum fær hann samstundis tilkynningu á skjánum um að hann þurfi að sýna Pringles Customer Care sönnun fyrir kaupum eða sönnun fyrir því að hafa lokið NPN-leiðinni fyrir allar innsendar færslur. Ef ekki er hægt að færa sönnun á kaup fyrir allar innsendar færslur eða leggja fram sönnun fyrir því að allar NPN-leiðir hafi verið kláraðar, mun sá þátttakandi ekki lengur eiga rétt á að taka þátt í kynningunni og allar síðari færslur verða ógildar.
11. Vinningshafar sem hafa ekki komist inn í gegnum NPN-leiðina verða að halda eftir sundurliðuðu kvittuninni þar sem fram kemur tími og dagsetning kaupa sem gerð voru innan kynningartímabilsins sem er á undan tíma og dagsetningu skráningar, þar sem þeir gætu þurft að leggja þetta fram hvenær sem er til staðfestingar og til að sigurvegarinn fái verðlaunin.
12. **Verðlaun á aðalkynningartímabili:** Á aðalkynningartímabilinu eru samtals 121 verðlaun í boði, ein (1) á dag. Hver verðlaun samanstanda af Logitech G Cloud Handheld Gaming tæki að andvirði 359 € / 4.316 NOK / 2.674 DKK / 4.187 SEK
13. **Verðlaun á framlengdu kynningartímabili:** Hægt er að vinna eitt (1) Logitech G Cloud Handheld Gaming tæki á framlengda kynningartímabilinu að andvirði 359 € / 4.316 NOK / 2.674 DKK / 4.187 SEK
14. **Frekari upplýsingar og skilyrði verðlauna:**
- a. Upplausn 1920x1080
 - b. Stærð tækis: 7"
 - c. Litur: Hvítur
 - d. Rafhlöðuending: 12+ klukkustundir (við venjuleg leikskilyrði getur líftími rafhlöðunnar verið breytilegur eftir notenda- og tölvuskilyrðum).
 - e. Logitech-aðgangur er ekki nauðsynlegur til að nota verðlaunin en Steam- eða Xbox-reikningur er nauðsynlegur til að fá aðgang að leikjum í leiktækinu.
 - f. Verðlaunin verða veitt með 1 árs takmarkaðri vélbúnaðarábyrgð og falla undir notkunarskilmála Logitech. Frekari upplýsingar um hvort tveggja má finna hér:
 - i. Ísland: <https://www.logitech.com/en-eu/tos/limited-hardware-warranty.html>.
 - ii. Danmörk: <https://www.logitech.com/da-dk/tos/limited-hardware-warranty.html>
 - iii. Finnland: <https://www.logitech.com/fi-fi/tos/limited-hardware-warranty.html>
 - iv. Noregur: <https://www.logitech.com/no-no/tos/limited-hardware-warranty.html>

v. Svíþjóð: <https://www.logitech.com/sv-se/tos/limited-hardware-warranty.html>

15. **Val sigurvegara á aðalkynningartímabili:** Sá þátttakandi sem klárar áskorunina hraðast á hverjum degi telst sigurvegari (alls 121 sigurvegari). Öll óunnin verðlaun frá hvaða degi sem er innan aðalkynningartímabilsins verða færð yfir í verðlaunapottinn næsta dag.
16. **Val á sigurvegara á framlengdu kynningartímabili:** Sá þátttakandi sem tókst að ljúka áskoruninni hraðast á framlengda kynningartímabilinu telst vera sigurvegari.
17. Ef jafnt er á milli tveggja eða fleiri þátttakenda vegna jafnlangs lokatíma verður haft samband við þá aðila og þeir beðnir að svara eftirfarandi spurningu: Hvaða Pringles bragð velurðu þegar þú spilar tölvuleiki?
18. Þátttökur sem berast á grundvelli ákvæðis 17 hér að framan verða dæmdar af óháðum þriðja aðila á:
 - a. Frumleika;
 - b. Sköpunargáfu; og
 - c. Húmor
19. **Tilkynning til vinningshafa:**
 - a. **Aðalkynning:** Haft verður samband við hvern sigurvegara (ákvarðað með því að ljúka áskoruninni hraðast eða svara spurningunni í ákvæði 17) með tölvupósti innan 28 daga frá því að áskorunin er kláruð á vefsíðu Pringles eða með því að svara spurningunni í ákvæði 17 og sigurvegari gæti verið beðinn um að leggja fram sönnunargögn um auðkenni og gjaldgengi. Ef sigurvegari svarar ekki fyrstu samskiptum innan 14 daga eða telst ekki gjaldgengur vegna brots á þessum skilmálum áskilur kynningaraðilinn sér rétt til að veita verðlaunin til næsthraðasta þátttakanda frá þeim degi.
 - b. **Framlengt kynningartilboð:** Haft verður samband við sigurvegarann (ákvarðað með því að ljúka áskoruninni hraðast á framlengda kynningartímabilinu eða svara spurningunni í ákvæði 17) í tölvupósti innan 28 daga frá lokum framlengda kynningartímabilsins og hann gæti verið beðinn um að leggja fram sönnunargögn um auðkenni og gjaldgengi. Ef sigurvegarinn svarar ekki fyrstu samskiptum innan 14 daga eða telst ekki gjaldgengur vegna brots á þessum skilmálum áskilur kynningaraðilinn sér rétt til að veita verðlaunin til næsthraðasta þátttakanda frá framlengda kynningartímabilinu.
20. Ef verðlaun eru afþökkuð, ekki hefur náðst að afhenda þau, verðlaunin eru endursend, eða ef vinningshafi er dæmdur úr keppni samkvæmt skilmálum og skilyrðum eftir lok framlengda kynningartímabilsins, áskilur kynningaraðili sér rétt til að veita þeim spilara/spilurum sem náðu að ljúka leiknum og voru með næstbesta tímann á framlengda kynningartímabilinu. Fjöldi verðlauna sem undir þetta falla er ókunnur enda ákvarðast hann af þeim fjölda verðlauna sem veitt eru yfir allt keppnistímabilið. Þátttakendur sem fá vinning með þessari leið munu fá tölvupóst innan 28 virkra daga frá lokum framlengda tímabilsins.
21. **Verðlaunamóttaka og -afhending:** Sigurvegarar sem ekki eru beðnir um að sýna fram á auðkenni eða gjaldgengi ættu að gæta þess að fá tölvupóst sem staðfestir að þeir séu sigurvegarar. Þegar sigurvegari, sem hefur fengið beiðni um að sýna fram á auðkenni sitt og gjaldgengi, hefur gert það, ef nauðsyn krefur, ætti hann að hafa augun opin fyrir tölvupóst sem staðfestir að hann sé sigurvegari og verðlaun hans verða send á skráð heimilisfang á Pringles-reikningi hans. Gefðu allt að 90 daga til að fá veitt verðlaun afhent, þó að kynningaraðilinn muni leitast við að senda þau út innan 28 daga frá sigri.
22. Ef svo ólíklega vill til að verðlaun berist ekki innan 90 daga frá tilkynningu sigurvegara hafa sigurvegarar 28 daga til viðbótar til að láta verkefnisstjórnann vita með því að fara á síðuna „Hafa samband“ á Pringles.com. Geri sigurvegari það ekki áskilur kynningaraðilinn sér rétt til að endurútgefa ekki verðlaunin eða takmarka verðmæti þeirra að eigin vild.
23. **Viðbótartilboð - Logitech G afsláttarkóði (að undanskildum færslum sem fara í gegnum NPN-leiðina):**

Á aðalkynningartímabilinu gefst neytendum sem kaupa þrjár eða fleiri dósir af Pringles einnig tækifæri til að sækja 1x Logitech G afsláttarkóða (sjá ákvæði 24 og 25 fyrir frekari upplýsingar). Afslátturinn fer eftir fjölda Pringles-dósa sem keyptar eru og lotukóðum slegnum inn:

- a. Fyrir þrjú (3) kaup sem gerð voru á aðalkynningartímabilinu: 20% afsláttarkóði (neytandi verður að innleysa 3 lotukóða)
- b. Fyrir fjögur (4) kaup sem gerð voru á aðalkynningartímabilinu: 25% afsláttarkóði (neytandi verður að innleysa 4 lotukóða)
- c. Fyrir fimm (5) kaup sem gerð voru á aðalkynningartímabilinu: 30% afsláttarkóði (neytandi verður að innleysa 5 lotukóða)

24. Hvernig á að sækja og innheimta afsláttarkóða:

- a. Farðu á gaming.pringles.com og skráðu þig inn eða búðu til Pringles aðgang og ljúktu við fjölþátta sannvottunarkröfurnar
- b. Sláðu inn 3 eða fleiri lotukóða til að birta afsláttarkóða
- c. Hægt er að geyma lotukóða til að safna að hámarki 5 eða innleysa þá þegar annaðhvort 3, 4 eða 5 lotukóðum hefur verið safnað og þeir slegnir inn.
- d. Þegar fjöldi lotukóða hefur verið valinn smellirðu á „sækja“
- e. Afsláttarkóði birtist samstundis á skjánum
- f. Neytendur eiga aðeins rétt á einum afsláttarkóða og geta ekki snúið aftur til að fá viðbótarafsláttarkóða fyrir meiri afslátt þegar kóði hefur verið sóttur.

25. Frekari upplýsingar og skilyrði afsláttarkóða:

- a. Einn (1) Afsláttarkóði er heimill á hvern einstakling á aðalkynningartímabilinu. Hægt er að nota afsláttarkóða fyrir allar vörurnar í innkaupakörfunni en afsláttarkóði er aðeins innleysanlegur fyrir eina vöru af hverri tegund, þ.e. ef þú kaupir tvær af sömu vörunni gildir afslátturinn aðeins fyrir eina.
- b. AÐEINS er hægt að nota hvern lotukóða einu sinni.
- c. Afsláttarkóðar gilda aðeins á Logitech.com frá 1. febrúar 2024 til 30. september 2024 á **Logitech G vörum sem eru í kynningunni og lýst er í viðauka 1 hér að neðan**
- d. Vörur frá Logitech G Cloud og Logitech G Pro Wheel and Pedals eru að hámarki með 5% afslætti án tillits til afsláttarkóðans sem er innleystur.

26. Eftirlit: Kynningaraðilinn mun hafna færslum á grundvelli ákvæðis 20 sem, að sanngjörnu mati kynningaraðilans:

- a. Innihalda efni sem er særandi eða sýna vörumerki kynningaraðilans, orðspor hans eða velvild í neikvæðu ljósi;
- b. Rægja, móðga eða eru með rangfærslur um annað fólk eða önnur fyrirtæki, þar með talið, en ekki takmarkað við, kynningaraðila (þar á meðal samstarfsaðila hans); eða svör sem lýsa ákveðinni pólitískri sýn.

27. Það er á ábyrgð vinningshafa að gefa upp réttar persónuupplýsingar á Pringles-reikningi sínum til að sækja verðlaunin sín. Kynningaraðilinn ber enga ábyrgð á því ef ekki er hægt að afhenda vinninginn vegna rangra upplýsinga. Ekki er hægt að uppfæra póstfang eða netfang sigurvegara eftir þátttöku.

28. Kynningaraðilinn getur farið fram á að sigurvegarar taki þátt í hæfilegu kynningarefni sem stafar af kynningunni, þar á meðal notkun á nafni sigurvegara, rödd, borg/búsetusýslu, ljósmyndum, myndskreiðum eða kvikmyndum og/eða öðru sjónrænu efni í auglýsinga- og/eða viðskiptaskyni og/eða í öðrum tilgangi í hvaða fjölmiðli eða á hvaða sniði sem er, nú eða hér eftir þekkt án frekari bóta (fjárhagslegra eða annarra. Þátttaka er á valdi sigurvegarans og er ekki skilyrði fyrir samþykki verðlaunanna.

29. Allir viðeigandi skattar sem þarf að greiða til að geta tekið við vinningnum eru á ábyrgð vinningshafans.

30. Kynningaraðili leitast við að framkvæma kynningarherferðir með sanngjörnum og tryggum hætti og koma í veg fyrir misnotkun og svik. Ef þú skrír þátttöku í ósamræmi við þessa skilmála mun þátttaka þín (og öll dulnefni sem tengjast þér) falla úr keppni, vinningar sem hafa verið afhendir fyrnast, og kynningaraðili áskilur sér rétt til að banna þér þátttöku í framtíðar kynningum í a.m.k. sex mánuði. Vegna þessa áskilur kynningaraðili sér rétt hvenær sem er til að:
- Sannprófa gjaldgengi þátttakenda og/eða vinningshafa með því að biðja um þær upplýsingar sem við teljum nauðsynlegar í þessu skyni. Þátttakanda getur verið synjað um skráningu þátttöku eða verðlaun þar til sannprófun er lokið með fullnægjandi hætti.
 - Vísa úr keppni skráningar þátttöku sem ekki eru gerðar beint af einstaklingnum sem er skráður þátttakandi í kynningunni.
 - Vísa úr keppni skráningar þátttöku sem gerðar eru með ónafngreindri tölvupóstþjónustu svo sem, en ekki takmarkað við, GuerillaMail, Dispostable eða Mailinator.
 - Vísa úr keppni magnskráningar þátttöku frá einstaklingum, fyrirtækjum, neytendasamtökum eða þriðju aðilum, skráningar sem ekki eru fullkláraðar, og skráningar skráðar með notkun fjölvaskipana eða annarri sjálfvirkni.
 - Vísa úr keppni skráningar þátttöku sem eru yfir leyfðu hámarki, eða skráningar með notkun tækni á borð við „skriftumál“ (e. „script“), „þvingunarárás“ (e. „brute force“), notkun fleiri SIM-korta fyrir skráningar, dulkóðun auðkennis með að hagræða IP vistfangi, notkun dulnefna eða auðkenna annarra, eða annarrar tækni.
 - Vísa úr keppni skráningar þátttöku sem á einhvern annan hátt uppfylla ekki kröfur þessara skilmála.
31. Þátttakendum er skylt að gefa upp persónuupplýsingar með löglegu nafni sínu. Kynningaraðilinn áskilur sér rétt sinn til að taka þátttakanda úr keppni sem notar mörg nöfn eða tölvupóstföng og krefjast þess að hann skili vinningum sem hann hafa unnið.
32. Verðlaunin er ekki hægt að færa yfir á einhvern annan eða skipta við einhvern annan né skipta út fyrir pening eða aðra þóknun. Ef svo ólíklega vill til að einhver hluti verðlauna sé ekki auðfáanlegur áskilur kynningaraðili sér réttinn til að veita í staðinn önnur verðlaun, af sama eða hærra virði, samkvæmt ákvörðunarrétti.
33. Ef ekki er hægt að framkvæma kynningarherferðina samkvæmt áætlun vegna ástæðna tengdum, en ekki takmarkað við, hagræðingu, óheimila íhlutana, svika, óheiðarleika, tæknilegra örðugleika, eða öðrum ástæðum sem kynningaraðili getur ekki haft áhrif á sem spilla eða hafa áhrif á stjórnun, öryggi, sanngirni, réttmæti eða tilhlýðilega framkvæmd þessarar kynningarherferðar, áskilur kynningaraðili sér réttinn til að vísa úr keppni þátttakendum sem hagræða skráningarferlinu eða fylgja ekki þessum skilmálum, eða gera skráningar sem í hlut eiga ógildar og/eða afturkalla, breyta eða fresta kynningunni.
34. Engin ábyrgð er tekin á skráningum sem glatast, seinkar, spillast, skemmast, leiddar voru í villu, eða voru ófullnægjandi, eða sem ekki bárust vegna tæknilegra eða flutningalegra- eða annarra ástæðna. Sönnun sendingar gildir ekki sem sönnun móttöku. Kynningaraðilinn ábyrgist ekki áframhaldandi eða tryggt aðgengi að kynningarsíðunni.
35. Kynningaraðilinn, ásamt öllum tengdum umboðsaðilum og fyrirtækjum, ber ekki ábyrgð á neinu tapi (þar með talið, en ekki takmarkað við, óbeint, sérstakt eða afleitt tap eða tap á hagnaði), útgjöldum eða skemmdum sem hljóttast af eða koma upp (hvort sem það verður vegna vanrækslu einhvers eða ekki) í tengslum við þessa kynningu eða viðtöku eða notkun vinnings, nema þá skaðabótaskyldu sem ekki er hægt að útiloka samkvæmt lögum. Ekkert útilokar ábyrgð kynningaraðila vegna dauða eða líkamstjóns sem hlýst af vanrækslu hans.

36. Kynningaraðilinn ber ekki ábyrgð á neinum seinkunum eða vanefndum á skyldum vegna óviðráðanlegra ástæðna sem tengjast, en takmarkast ekki við, óviðráðanlegar aðstæður (e. Acts of God), hnattrænum eða svæðisbundnum sjúkdómsfarsóttum eða heimsfaröldrum, ofsaveðri, eldsvoða, kjaradeilum, stríði, hryðjuverkum, hótunum, pólitískum óróa, óeirðum, borgaraóróleika, drepsóttum, eða öðrum náttúrulegum hamförum eða öðrum aðstæðum kynningaraðila.
37. Við leggjum okkur fram við að vernda friðhelgi þína. Kellogg Europe Trading Limited (Kellogg) mun aðeins vinna úr upplýsingum þínum í eftirfarandi tilgangi: (1) Að standa að þessari kynningu samkvæmt skilmálum, og (2) að hafa samband við þig í tengslum við framtíða kynningarherferðir og í markaðssetningartilgangi. Við munum aldrei selja gögn um þig til þriðja aðila, en það getur verið að við sameinum gögn þín gögnum annars staðar frá til að byggja upp nafnlausar forstillingar fyrir markmiðaðar auglýsingar. Unnið verður úr gögnum þínum og þau geymd á netþjónum í Bandaríkjunum. Kellogg hefur gengið úr skugga um að allir vinnsluaðilar sem við notum séu skuldbundnir til að vernda gögn samkvæmt stöðluðum ákvæðum Evrópusambandsins. Við munum geyma gögnin þín eins lengi og samþykki þitt er gilt og þú vilt fá sent markaðsefni. Þú hefur rétt á að nálgast þín gögn, afturkalla samþykki þitt eða að láta eyða gögnunum þínum. Þú hefur einnig rétt á því að hafa samband við eftirlitsaðila gagnaverndar. Ef þú hefur frekari spurningar um hvernig við notum gögnin, skoðaðu þá persónuverndarstefnu okkar. Þú getur einnig haft samband við okkur á DataPrivacyOfficer@kellogg.com. Allar upplýsingar sem safnað er varðandi þátttakendur í þessari kynningu verða meðhöndlaðar í trúnaði í samræmi við friðhelgisstefnu sem má finna á:
- Svíþjóð: <https://www.pringles.com/se/privacy-policy.html>.
 - Danmörk: <https://www.pringles.com/dk/privacy-policy.html>,
 - Finnland: <https://www.pringles.com/fi/privacy-policy.html>,
 - Noregur: <https://www.pringles.com/no/privacy-policy.html>
 - Ísland: <https://www.pringles.com/is/privacy-policy.html>
38. Ef þess er krafist samkvæmt lögum eða sjálfseftirlitslögum sem gilda um rekstur kynningarinnar gæti kynningaraðilinn þurft að deila einhverjum persónuupplýsingum um sigurvegara með yfirvöldum, aðeins að því marki sem lög krefjast. Þessar upplýsingar geta verið nafn sigurvegara, eftirnafn, búseta eða aðrar persónuupplýsingar sem kynningaraðilinn þarf að deila.
39. Ef einhver hluti þessara skilmála er með lögum talinn ógildur, ólöglegur, eða ekki unnt að framfylgja honum, mun það ekki hafa áhrif á aðra hluta skilmálanna og eru þeir áfram í gildi.
40. Með skráningu hefur þú samþykkt að hlíta þessum skilmálum.
41. Ef ósamræmi kemur upp á milli þessara skilmála og skilmála í einhverju öðru kynningarherferðarefni munu þessir skilmálar gilda.
42. Skilmálar þessir skulu lúta lögum viðkomandi lands hvers þátttakanda og þátttakendur lúta eingöngu lögsögu dómstóla viðkomandi lands sem þeir búa í.
43. **Vidauki 1:**

Kynningarvörur frá Logitech G sem uppfylla skilyrði afsláttarkóða

Gerð	Vara
mús	Logitech G502 X PLUS
mús	Logitech G PRO X SUPERLIGHT
mús	Logitech G903 Wireless HERO
mús	Logitech G502 Wireless
mús	Logitech G502 X LIGHTSPEED

mús	Logitech G PRO Wireless
mús	Logitech G PRO
mús	Logitech G705
mús	Logitech G703 Wireless HERO
mús	Logitech G502 X
mús	Logitech G502 HERO
mús	Logitech G403 HERO
mús	Logitech G303
mús	Logitech G402
mús	Logitech G305
mús	Logitech G203
lyklaborð	Logitech G915
lyklaborð	Logitech G915 TKL
lyklaborð	Logitech G815
lyklaborð	Logitech G715
lyklaborð	Logitech G713
lyklaborð	Logitech PRO
lyklaborð	Logitech PRO X
lyklaborð	Logitech G512
lyklaborð	Logitech G613
lyklaborð	Logitech G413
lyklaborð	Logitech G413 SE
lyklaborð	Logitech G413 TKL SE
lyklaborð	Logitech G213
lyklaborð	Logitech G513
heyrnartól	Logitech G PRO X Wireless
heyrnartól	Logitech G Fits
heyrnartól	Logitech G735
heyrnartól	Logitech G PRO X
heyrnartól	Logitech G733
heyrnartól	Logitech G435
heyrnartól	Logitech G535
heyrnartól	Logitech G335
heyrnartól	Logitech G560
heyrnartól	Logitech G635
heyrnartól	Logitech G432
heyrnartól	Logitech G433
heyrnartól	Logitech G332
heyrnartól	Logitech G333
heyrnartól	Logitech G935
heyrnartól	Logitech G ASTRO Series A10
heyrnartól	Logitech G ASTRO Series A20
heyrnartól	Logitech G ASTRO Series A30
heyrnartól	Logitech G ASTRO Series A40
heyrnartól	Logitech G ASTRO Series A50
músamottur	Logitech G Aurora Collection
músamottur	Logitech G Powerplay
músamottur	Logitech G840
músamottur	Logitech G740

músamottur	Logitech G640
músamottur	Logitech G440
músamottur	Logitech G240
hjól	Logitech G923
hjól	Logitech G920
hjól	Logitech G29
hjól	Logitech G Racing Adapter
hjól	Logitech G Driving Force Shifter
hermar	Logitech G Extreme 3d Pro Joystick
hermar	Logitech G Flight Instrument Panel
hermar	Logitech G Fight Multi Panel
hermar	Logitech G Flight Radio Panel
hermar	Logitech G Flight Rudder Pedals
hermar	Logitech G Flight Switch Panel
hermar	Logitech G Flight Throttle Quadrant
hermar	Logitech G Flight Yoke System
hermar	Logitech G Heavy Equipment Bundle
hermar	Logitech G Heavy Equipment Side Panel
hermar	Logitech G X52 H.O.T.A.S.
hermar	Logitech G X52 Professional H.O.T.A.S.
hermar	Logitech G X56 H.O.T.A.S.
hljóðnemi	Logitech Yeti X
hljóðnemi	Logitech Yeti Nano
hljóðnemi	Logitech Yeti Game-Streaming-Kit
hljóðnemi	Logitech Yeti Aurora Collection
hljóðnemi	Logitech Yeticaster
hljóðnemi	Logitech Yeti
hljóðnemi	Logitech Blue Sona
hljóðnemi	Logitech Blue Compass
hljóðnemi	Logitech Snowball Ice
hljóðnemi	Logitech Streamcam
vefmyndavél og ljós	Logitech C922 PRO HD Stream webcam
vefmyndavél og ljós	Logitech Litra Glow
vefmyndavél og ljós	Logitech Litra Beam
vefmyndavél og ljós	Logitech C920 HD PRO webcam

Kynningaraðili: Kellogg Europe Trading Limited, 3 Dublin Airport Central (DAC), Dublin Airport, Dublin (kennitala fyrirtækis 0387390). EKKI SENDA SKRÁNINGAR ÞÁTTTÖKU Á ÞETTA HEIMILISFANG.